

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 22. september 2016 R16090002

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
R16080047	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum, dags. 11.8.'16	Sent FMS, BLÖ og SLR til umsagnar.
R16020234	Erindi Íþróttafélagsins Asks varðandi lóðamál, dags. 3.8.'16	Send SBB til meðferðar.
R16040100	Bréf innanríkisráðuneytis, dags. 15.9.'16, varðandi framlög vegna stuðnings við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda.	Sent fjármálaskrifstofu og borgarfulltrúum til kynningar.
R16090125	Umsögn SFS um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021, sent Alþingi 16.9.'16	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16090124	Tölvupóstur Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 19.9.'16 um breytt starfsmat hjá slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16050133	Tölvupóstur Sambands ísl. sveitarfélags, dags. 20.9.'16 varðandi jafna búsetu barna.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.

BORGARRÁÐ 11.8.2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum - R16080047

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu við breytingu á viðmiðum um hverjir skuli vera skilgreindir sem innherjar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar um að allir formenn, varaformenn og þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar án þess að vera borgarfulltrúar eða varamenn þeirra skulu skráðir sem fruminnherjar. Ljóst er að pottur er brotinn í þessum efnum þar sem hvorki formaður né nokkur annar í heilbrigðisnefnd né formaður eða aðalmenn í innkauparáði eru skráðir sem fruminnherjar hjá borginni. Áður en tillagan er tekin til afgreiðslu er óskað eftir afstöðu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, fjármálaskrifstofu og borgarlögmanns á tillögunni.



Reykjavíkurborg

Hr. Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson

Kæri Dagur,

Á Íslandi ríkir nú um stundir mikil ánægja með okkar frábæra íþróttafólk sem gert hefur garðinn frægan um allan heim á undanförunum misserum. Í handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleikum eða frjálsum sem og fjölda annara greina er afreksfólk sem er á heimsmælikvarða og það fær hjörtu landsmanna til að slá örar og í takt, um leið og samkenndin eykst. Sjaldan hefur þjóðarsálin verið jafn samrýnd og þessar síðustu vikur sumars og jákvæðnin skín úr hverju andliti og er það vel. Það er meðbyr með íþróttum og flestir skilja mikilvægi þeirra í uppvexti barna og unglinga, bæði út frá þeirra eigin heilsu sem og þeim samfélagslega þætti sem samkennd og samvinna skilar úr íþróttastarfinu. Allt þetta fólk kemur frá íþróttafélögum sem starfa að meginhluta til eftir hugmyndafræði ÍSÍ, Íþróttá og Ólympíusambandi Íslands.

Íþróttafélagið Askur

Íþróttafélagið Askur sker sig aðeins úr í þessari flóru íþróttafélaga að því leiti að það hefur að megin markmiði að bjóða upp á keppnislausar íþróttir. Segja má að Askur sé með þrjú meginatriði sem er frábrugðið hefðbundnu fjölgreinafélagi eins og þau eru almennt skilgreind.

- Í fyrsta lagi horfir Askur á Höfuðborgarsvæðið sem sitt starfssvæði í stað þess að skilgreina sig sem hverfisfélag í Reykjavík. Þó að félagið verði staðsett í Reykjavík og gæti orðið mikill stuðningur við allt íþróttá- og félagsstarf í Breiðholti þá ætlar það sér að vinna með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til þess að þau þurfi ekki að byggja upp samskonar starfsemi innan þeirra marka, fyrir fáa iðkendur. Þannig geta sveitarfélögin lagt Aski lið í stað þess að fara sjálft út í fjárfrekar framkvæmdir hvert á sínum stað. Það er meðal annars hægt með bættari samvinnu og samgöngum milli allra sveitarfélaganna og er þá sérstaklega horft til uppbyggingu Borgarlínunnar.
- Í öðru lagi er hugmyndafræði Asks ástundun íþróttá án þess að markmiðið með þeirri ástundun leiði til þátttöku í keppni. Þrátt fyrir það er mikilvægt að fram komi að Askur er fjölgreinafélag, með öll leyfi sem til þarf fyrir íþróttafélög, til að vera viðurkennt af bæði ÍBR, ÍTR og ÍSÍ. Félagið er byggt á grunni Íþróttafélagsins Einherjar sem starfað hefur óslitið frá árinu 1992. Einherjar byggðu sína starfsemi upp í kringum bardagaíþróttir og þá sérstaklega Taekwondo. Askur er ekki á móti keppni, en mun ekki standa sjálft að því að halda keppni í sínum greinum. Iðkendur í Aski geta stundað sínar greinar innan veggja Asks og keppt að vild óski hann þess, en öll þjálfun byggist á framþróun einstaklingsins honum til heilla, án keppnismarkmiða eða þrýstings frá hendi félagsins.



- Í þriðja lagi er markmiðið Asks að vinna að því að sporna gegn brottfalli krakka og ungmenna úr íþróttum. Brottfallið er að stórum hluta tilkomið vegna pressu eða álags, líkamlega eða andlega, vegna æfinga sem eru undir formerkjum þess að standa sig í keppni. Þetta er viðvarandi vandamál sem öll íþróttafélög glíma við enda eru þau byggð upp, útfrá hugmyndafræði ÍSÍ, sem hverfist um keppnis og afreksíþróttir. Í íþróttum fá börn og unglingar útrás fyrir leikþörf sína og sú samvera sem íþróttaiðkun felur í sér eykur færni í mannlegum samskiptum, skapar hópkennd, styrkir sjálfsaga og stuðlar að persónulegum metnaði. Það eru hins vegar ekki ný tíðindi að þegar nær dregur unglingsárunum missa mörg börn áhuga á þeirri íþróttagrein sem þau hafa jafnvel stundað lengi og hætta í kjölfarið. Það leiðir oft á tíðum til ófarnaðar og er lítið á sem eitt af stærstu vandamálum íþróttahreyfingarinnar.

Iðavellir

Íþróttafélagið Askur stefnir á að byggja upp íþróttasvæði, bæði innandyra og utan fyrir félagsmenn sína og önnur smærri íþróttafélög. Til að svo megi verða þarf félagið lóð undir starfsemi sína, sem kölluð verður Iðavellir. Ætlunin er að byggja upp svæði sem hentað gæti vel þeim greinum sem Askur stendur að í dag og jafnframt að bjóða öðrum smærri íþrótt- og jaðarfélögum á höfuðborgarsvæðinu aðstöðu. Félögum sem mörg hver eru í óhentugu húsnæði og í sumum tilfellum allt of dýru. Tilgangurinn er að fá fulla nýtingu á allt svæðið, samnýta bókunarkerfi og ýmsa aðstöðu, tól og tæki sem mörgum félögum reynist þungur baggi að byggja upp og reka. Þannig geta ýmis sérgreinafélög og félög sem stunda jaðaríþróttir komið saman á einn stað í samvinnu við Ask, fengið góða framtíðaraðstöðu, en haldið sjálfstæði sínu og lækkað rekstrar-kostnað.

Eins og þér er kannski kunnugt hefur Askur sóst eftir lóð frá Reykjavíkurborg í Suður Mjódd undir starfsemi sína. Fleiri aðilar hafa ásælst þessa sömu lóð, en við viljum með bréfi þessu vekja athygli borgarstjóra og borgarstjórnar á mikilvægi þess að lóðinni verði úthlutað til íþróttir frekar en undir aðra starfsemi.

Í niðurstöðu USK í svari til Asks á liðnu ári kom skýrt fram hver tilgangur borgarinnar er með þessu svæði.

„Tekið var fram sérstaklega í svörum USK að meginrökin fyrir neitun, væru þau að um væri ræða skerðingu á núverandi útivistar- og íþróttasvæði.“

Af hverju þessi lóð

Suður Mjódd er staðsett mjög miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu og hentar einstaklega vel undir starfsemi Iðavalla. Það er augljóst hversu hentug þessi lóð er undir svona íþróttastarfsemi, þegar lítið er til nálægðarinnar við önnur sveitarfélög, væntanlega uppbyggingu samgöngumannvirkja eins og Borgarlínunnar og nálægðarinnar við þau stóru hverfi sem liggja að Suður Mjódd, bæði í Reykjavík og Kópavogi. Askur sér fram á að lóðin henti einnig vel undir íþróttatengda útistarfsemi og sér fram á góða samvinnu við ÍR og Reykjavíkurborg um það. Lóðin liggur jafnframt að 2-3 ha svæði í Kópavogi sem einnig væri hægt að nýta sem útisvæði með tengingu við Suður Mjódd.



Borgarlínan

Við sjáum Borgarlínuna sem mjög mikilvægan framtíðarþátt í því að tengja á auðveldan hátt Suður Mjódd við alla helstu miðbæjarkjarna á höfuðborgarsvæðinu. Eins og skipulagið hefur verið kynnt er örstutt frá stoppistöðvum Borgarlínunnar til lóðarinnar við Suður Mjódd. Þannig að hægt er að flytja með skjóttum og öruggum hætti inn á svæðið, íþróttaiðkendur úr öllum hverfum. Eins og málin hafa verið kynnt sjáum við að Borgarlínan yrði mjög raunhæfur valkostur og myndi gegna lykilhlutverki í uppbyggingu svæðisins í heild.

Eitt af meginmarkmiðum Borgarlínunnar er að:

„Meginþunga vaxtar verður beint að miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni.“

Höfuðborgarsvæðið 2040

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu samþykktu eins og þekkt er í ágúst 2012, með sérstöku samkomulagi, að vinna að heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Í Höfuðborgarsvæðinu 2040 er að finna ýmis nýmæli og breytingar frá svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001– 2024. Við svona nýjungar opnast á nýja hugsun og nálgun á það hvernig svona áætlun nýtist ýmsum hagsmunaaðilum við þróun byggðar.

Ný hugsun verður til og teljum við að með því að skilgreina starf Íþróttafélagsins Asks í samræmi við þessa samþykkt sé höfuðborgarsvæðið vettvangur félagsins í stað þess að félagið sé skilgreint sem hverfisfélag. Starfsemi Asks/Iðavalla er ætlað að vera vettvangur fyrir fjölmargar íþróttagreinar og smærri sérgreinafélög frá öllu höfuðborgarsvæðinu.

Meðal annars þess vegna teljum við að svæðið í Suður Mjódd henti best til notkunar fyrir íþróttatengda starfsemi og útiveru eins og skipulagið þegar tekur til. Þetta snýst ekki bara um að fá lóð fyrir íþróttahús heldur svæði til íþróttaiðkunar þar sem saman fara inni og útiaðstaða með tengdri starfsemi sérhæfðra þjónustuaðila og gístiaðstöðu, allt á einum stað. Að því sögðu óskum við eftir því að fá að ræða við borgarstjóra um lóða og skipulagsmál með tilliti til þessa svæðis og framtíðarnýtingar og mögulegu samstarfi við önnur sveitarfélög sem borgin gæti leitt.

Reykjavík 3.08.2016

F.h. Íþróttafélagsins Asks

Sindri Viborg
Formaður

Sighvatur Lárusson
Verkefnastjóri



Örstutt um ferlið

Til að gera langa sögu stutta, þá sótti Askur um lóðina í Suður Mjódd í apríl 2015 sem merkt var C2 á þágildandi deiliskipulagi. Jafnframt var óskað eftir því að fá að nota svæðið í kring sem opið útisvæði til íþróttaiðkunar, enda væri það ekki í skilgreindri notkun. Þetta var lóð, sem hafði ekki fengið neina athygli að því er virtist og enginn hafði sótt um. Því voru aðstandendur Asks vongóð um að saman gætu farið hagsmunir Asks og borgarinnar.

Ferlinu er lýst gróft þannig; Askur óskar eftir fundi með Hjálmari Sveinssyni sem ráðlagði okkur að hafa samband við Umhverfis og skipulagsnefnd (USK). Við lögðum inn fyrirspurn um lóðina 16. apríl. Niðurstaða USK hljóðaði svona:

„Frestað og Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa“

Sem við og gerðum og fengum fljótt að vita að verið væri að vinna að nýju skipulagi fyrir allan reitinn og að USK leggði til að við hinkruðum eftir að deiliskipulagið yrði auglýst þar sem það hentaði ekki að taka fyrir okkar fyrirspurn sérstaklega. Að þetta mundi mögulega seinka því ferli sem þegar væri langt komið og margir haghafar kæmu að. Að við skyldum leggja inn athugasemd eftir að auglýsingaferlið hæfist og þá væri fjallað sérstaklega um okkar umsókn í auglýstu ferli. Við vildum ekki raska því ferli sem þegar var komið mjög langt og skapa okkur óvild allra þeirra haghafa sem væru að bíða eftir að málið kláraðist og biðum því auglýsingar. Við höfðum einsett okkur að óska eftir ráðleggingum úr borgarkerfinu og fara eftir þeim til að öll samskipti færu sem best fram.

Nýtt deiliskipulag

Þegar auglýsingin birtist þá sáum við okkur til undrunar að nýr íþróttavöllur fyrir ÍR var staðsettur á því svæði sem við höfðum óskað eftir. Ekkert hafði verið minnst á það í okkar viðræðum við USK og tók völluminn yfir stóran hluta af væntu útisvæði Asks. Jafnframt var lóðin sem við höfðum óskað eftir ekki lengur í skipulaginu.

Eftir ráðleggingum frá USK lögðum við inn athugasemd og ósk um að lóðin væri sett inn að nýju og að Askur fengi hana til afnota. Svæðið sem óskað var eftir var við hliðina á skipulögðu svæði ÍR og tók auðvitað tillit til þess sem fram kom í nýju skipulagi. Svo líður tíminn, auglýsingaferlinu lýkur og að lokum kom þetta svar frá USK 9. september.

„Nú þykir ljóst eftir afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs 2. september og borgarráðs í gær, að ekki er hægt að verða við ykkar ósk um lóð merka C2 í eldra deiliskipulagi. Auglýst tillaga var samþykkt óbreytt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa – þar sem athugasemdum var svarað, sjá í viðhengi PDF. Hins vegar held ég að við ættum að funda fljótlega um svæðið og möguleika þess, og/eða aðra möguleika fyrir ykkur í borgarlandinu, með það fyrir augum að skoða staðarval fyrir ykkar starfsemi, sem fullnægir þá ykkar þörfum.“

Vonbrigði

Þessi niðurstaða var viss vonbrigði fyrir Ask. **Tekið var fram sérstaklega í svörum USK að meginrökin fyrir neitun, væru þau að um væri ræða skerðingu á núverandi útivistar- og íþróttasvæði.**



Eins og svæðið er í dag og við þekkjum öll vel, þá er um að ræða gróna malarhauga og tipp, sem ýtt var upp við gerð íþróttasvæðis ÍR og engin notar sem útivistarsvæði. Þetta er óvistlegt svæði, erfitt yfirferðar og engir stígar eða aðstaða til útivistar.

Í framhaldinu var óskað eftir fundi til að ræða málin. Þar kom fram að USK taldi sig þurfa nánari þarfagreiningu til að geta tekið afstöðu til þess hvort hægt væri að veita Aski lóðina og mæla með því að hún yrði sett inn á skipulag aftur. Við töldum reyndar að greinargerð okkar frá 07.07.2015 (sjá meðfylgjandi) sem lögð var með umsókninni/athugasemdinni um lóðina mundi nægja til að hefja viðræður við Ask um lóðina. Það kom mjög skýrt fram að ferlið væri þannig að fyrst þyrfti USK að „viðurkenna“ þörfina og skilgreina lóðina og ef það væri samþykkt gæti lóðin „komið aftur inn“ á skipulagið. Þegar það væri komið gæti Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar tekið málið fyrir og mögulega samið við Ask um umrædda lóð – fyrr ekki !

Málið skoðað nánar

Ákveðið var að skoða málið nánar, fara vel yfir þegar innlagar tillögur okkar, skoða miðað við núverandi aðstæður hvort réttlætanlegt væri að fara í kostnaðarsama hönnun og/eða teiknivinnu af svæðinu. Við vorum róleg enda Borgin nýbúin að afgreiða nýtt deiliskipulag, enginn hafði ásælst lóðina áður og þess vegna gáfum við okkur góðan tíma í þessar athuganir. Það eru fjölmargar íþróttagreinar sem ætlunin er að byggja yfir auk annarskonar starfsemi svo þetta er ekki hrist fram úr erminni af nákvæmni á skömmum tíma. Við erum á fullu í þessari skoðun, en hún tekur eðlilega tíma. Það myndi auðvelda alla vinnu ef við vissum að Askur hefði ákveðna lóð til að vinna með því annars þarf öll vinna að vera almenn sem gæti átt við mismunandi aðstæður eftir því hvaða lóð félagið fengi. Þannig á sumt við, ef þessi lóð væri undir, sem svo ekki kæmi til greina á einhverri annarri lóð.

Bílasala sækir um

Það næsta sem við sjáum er að í fjölmiðlum kemur fram að bílasala hafi sótt um lóðina og að borgin hafi ákveðið að hefja STRAX viðræður við bílasöluna um lóðina „sem ekki var til“ ? Lóð sem ekki væri hægt að hefja viðræður við Ask um vegna mögulegrar skerðingar á núverandi íþrótt- og útivistarsvæði ! Eftir því sem við best sjáum þá er skerðing íþrótt- og útivistarsvæðisins mun meiri með tilkomu bílasölnnar, heldur en þeim hugmyndum sem Askur lagði fram.

Við hjá Aski áttum okkur heldur ekki á hvernig hægt er að neita félaginu um viðræður á grunni þess að það skorti „meiri gögn“ og á sama tíma voru hafnar viðræður við bílasölu á grundvelli langtum minni gagna eftir því sem við best vitum.

Ósk um viðræður

Við óskuðum síðan eftir viðræðum við Hrólfi Jónsson hjá Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar sem aftur ráðlagði að haft yrði samband við Borgarstjóra og/eða borgarráð.

Borgarráð

Íþróttafélagið Askur - lóðarumsókn - umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Óskað hefur verið umsagnar skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um erindi íþróttafélagsins Asks til borgarstjóra dagsett 30. ágúst sl.

Í bréfinu er farið yfir framtíðarsýn félagsins og hugmyndir. Engin gögn eru hins vegar um núverandi starfsemi félagsins, iðkendafjölda og starfsstöðvar. Þá eru rakin fyrri viðskipti íþróttafélagsins við borgina. Með bréfi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til félagsins vegna þeirra samskipta var þeim leiðbeint um það hvernig og hvaða gögn þyrftu að fylgja umsókn um lóð, ef félagið hygðist sækja um lóð, ásamt því að útskýra hvers vegna félagið fékk þá afgreiðslu sem það fékk hjá Umhverfis- og skipulagssviði. Er svarbréfið meðfylgjandi. Ekki er hægt að taka afstöðu til þess við lestur bréfsins hvort verið er að sækja um lóð eða eingöngu verið að óska eftir viðtali við borgarstjóra. Í niðurlagi bréfsins segir:

„Meðal annars þess vegna teljum við að svæðið í Suður Mjódd henti best til notkunar fyrir íþróttatengda starfsemi og útiveru eins og skipulagið þegar tekur til. Þetta snýst ekki bara um að fá lóð fyrir íþróttahús heldur svæði til íþróttaiðkunar þar sem saman far inni og útiaðstaða með tengdri starfsemi sérhæfðra þjónustuaðila og gístaðstöðu, allt á einum stað. Að því sögðu óskum við eftir því að fá að ræða við borgarstjóra um lóða og skipulagsmál með tilliti til þessa svæðis og framtíðarnýtingar og mögulegt samstarf við önnur sveitarfélög sem borgin gæti leitt.“

Til þess að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort úthluta eigi félaginu lóð er nauðsynlegt að með umsókninni fylgi einhvers konar viðskiptaáætlun. Heildarfjárfesting, fjármögnun og rekstrartekjur og gjöld. Hvers konar íþróttir/leiki/afþreyingu eigi að stunda í húsinu. Hversu stórt það eigi að verða og hvort sóst er eftir styrkjum til rekstrarins af hálfu Reykjavíkurborgar. Hvaða starfsemi íþróttafélagið er með í dag og hvar. M.a. þarf að taka afstöðu til þess hvort að frístundakort gildi vegna þessarar starfsemi. Þá er vakin athygli á því að borgin hefur brugðist við ýmsum jaðaríþróttum þegar eins og klifri og brettahúsi svo dæmi sé tekið. Íþrótt- og tómsundasvið hefur þó betri yfirsýn yfir þau mál og því eðlilegt að sviðið verði sem fyrst einnig sett inn í þetta erindi Asks.

Hvað varðar svæðið í Suður-Mjódd þá er engin lóð þar laus á núgildandi skipulagi. Þar er nú unnið að undirbúningi að deiliskipulagsbreytingu þar sem atvinnulóð sem var á eldra skipulagi verður sett aftur inn. Svar við bréfi dagsett 23. 02. 2016

Svarbréf til íþróttafélagsins sem þeir fengu á sínum tíma.

Til að skýra málsmeðferðina af hálfu Reykjavíkurborgar þá lá fyrir að unnið var að endurskoðun á gildandi deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd þegar þið leggið inn umsókn til

skipulagsins um lóð C2. Þessi staða skýrir þá afstöðu sem skipulagið tók til erindis ykkar. Að í stað þess að vísa lóðarumsókn ykkar til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA), sem fer með allar lóðaúthlutunir í umboði borgarráðs, þá upplýsti skipulagið um að deiliskipulag svæðisins væri í endurskoðun og því ekki raunhæft að sækja um umrædda lóð að svo komnu máli. Rétt væri að bíða endurskoðunar deiliskipulags svæðisins. Þegar síðan endurskoðun skipulagsins lá fyrir var ljóst að umrædd lóð hafði verið felld út af skipulagi. Upplýsti skipulagið ykkur um þessa niðurstöðu. Ef deiliskipulag svæðisins hefði ekki verið til endurskoðunar hefði skipulagið vísað lóðarumsókninni til SEA. Hefði það verið gert í þessu tilfalli hefði umsókn ykkar af hálfu SEA hlotið sömu meðferð. SEA hefði vísað til þess að skipulag svæðisins væri í endurskoðun og lóðin sem slík ekki til úthlutunar þó svo að hún væri á gildandi deiliskipulagi. Þetta skýrir vonandi þann feril sem málið var í á sínum tíma.

Undirritaður átti síðan fund með fulltrúum félagsins þann 30. mars ásamt formanni hverfisráðs Breiðholts. Á fundinum var farið nánar yfir þann feril sem málið fór í og hvernig best sé að haga málum í framhaldinu. Það er nokkuð óvanalegt að nýtt íþróttafélag sækji um lóð undir starfsemi sína. Þar sem taka þarf afstöðu til fleiri þátta heldur en eingöngu lóðaúthlutunar, eins og þegar sótt er um atvinnulóðir, er félaginu ráðlagt að beina erindi þessu annað hvort til borgarstjóra eða borgarráðs. Það vísar erindinu þá til umsagnar fagsviða og skrifstofa eftir því sem við á.

Mikilvægt er að meðfylgjandi erindinu sé fjárhagsleg greining á því hvernig félagið hyggst fjármagna byggingu íþróttahússins og rekstur íþróttafélagsins í framhaldinu. Ef félagið hyggst sækja styrki til Reykjavíkurborgar vegna starfseminnar þá þarf að gera sérstaka grein fyrir því. Að gerð sé að öðru leiti grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi félagsins s.s. íþróttagreinar, markhópar, mögulegt samstarf við aðra og annað sem varpað getur sem skýrustu ljósi á fyrirætlanir félagsins. Að öðru leiti er vísað til þeirra leiðbeininga og umræðna sem fram fóru á fundinum.

Frá: Bergur Sigurjónsson
Dags: 15.9.2016 14:14:18
Til: Sveitarfélög
Efni: Framlög vegna stuðnings við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda

Þann 13. apríl sl. undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga nýtt samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkomulagið gildir frá 2016 til 2018. Á grundvelli samkomulagsins veitir ríkissjóður árlega framlag að fjárhæð 520 m.kr. í Jöfnunarsjóð sem annast úthlutanir til sveitarfélaga á grundvelli sérstakra reglna sem innanríkisráðherra hefur sett.

Meðfylgjandi eru undirritaðar reglur vegna framlaga til sveitarfélaga og áætlun framlaga fyrir skólaárið 2016-2017. Reglurnar voru samdar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Þær eru uppfærsla á þeim reglum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga vann eftir vegna fyrra samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Úrvinnsla umsókna á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglnanna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur nú farið fram hvað þá nemendur varðar er stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi. Úthlutanir framlaga til sveitarfélaga taka mið af innrituðum fjölda nemenda og því námi sem stundað er, samkvæmt því sem fram kemur í umsókn sveitarfélagsins, að teknu tilliti til viðmiðunarfjárhæða Jöfnunarsjóðs.

Meðfylgjandi reglur fella úr gildi eldri reglugerð nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar á tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

Jöfnunarsjóður vill sérstaklega benda á 7. gr. nýju reglnanna um framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Umsóknir á grundvelli 7. gr. skulu berast sjóðnum fyrir 1. október en eyðublað vegna umsókna má finna á heimasíðu sjóðsins <http://www.jofnunarsojodur.is/eydublod>.

Fyrir hönd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga,
Bergur Sigurjónsson

Bergur Sigurjónsson, Sérfræðingur / Special Adviser
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga / Local Governments' Equalization Fund
Skrifstofa sveitarfélaga og réttinda einstaklinga / Department of Local Government and Human Rights
Innanríkisráðuneyti / Ministry of the Interior
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 9000
innanrikisraduneyti.is / Fyrirvari/Disclaimer

REGLUR

um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á styrktarframlagi úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum, sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Framlagi ríkisins er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng og, að uppfylltum skilyrðum, nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi.

Með framlagi ríkisins er Jöfnunarsjóði jafnframt heimilt að veita framlag vegna kennslukostnaðar annarra nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags, sbr. 7. gr. Skilyrði er að um sé að ræða tónlistarnám í viðurkenndum tónlistarskóla, þ.e. skóla sem kennir samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Reglurnar gilda ekki um tónlistarnám sem kennt er í listframhaldsskólum.

2. gr.

Framlag úr ríkissjóði.

Eins og fram kemur í samkomulaginu frá 13. apríl 2016 er árlegt styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð 520 m. kr. á árunum 2016 til 2018. Framlagið greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Um forsendur framlagsins og verðlagsbreytingar á tímabilinu vísast til 2. gr. samkomulagsins.

Ráðherra setur nánari vinnureglur um úthlutun framlaga að fenginni umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem viðauki við þessar reglur.

3. gr.

Upplýsingar frá tónlistarskólum – Umsóknir sveitarfélaga

Eigi síðar en 1. mars ár hvert skulu tónlistarskólar senda því sveitarfélagi, þar sem skóli starfar, skrá um alla nemendur sem stunda eða hafa stundað tónlistarnám á yfirstandandi skólaári sem fellur undir 2. mgr. 1. gr. Upplýsingum skal skilað á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té og nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs: jofnunarsjodur.is.

Við skil upplýsinga til sveitarfélaga skal taka mið af eftirfarandi:

- a. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á miðstigi í söng þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi í söng á grunnstigi. Framlög vegna náms á miðstigi eru að hámarki greidd í fjögur ár.
- b. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna náms á framhaldsstigi í söng eða hljóðfæragreinum þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á miðstigi. Framlög vegna náms á framhaldsstigi eru að hámarki greidd í fimm ár.
- c. Til að hægt sé að sækja um framlag vegna viðbótarnáms að loknu framhaldsstigi (4. hæfniprep í söng eða hljóðfæranámi) þarf nemandi að hafa lokið að fullu námi á framhaldsstigi. Framlög vegna náms að loknu framhaldsstigi eru að hámarki greidd í tvö ár.

Sveitarfélögum ber að yfirfara upplýsingar frá tónlistarskólum um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, skv. 1. málsgrein og senda til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars ár hvert. Þær upplýsingar eru ígildi umsókna sveitarfélaga um framlög fyrir næsta skólaár.sbr. þó 1. mgr. 5. gr. Við útreikning og úthlutun framlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr, er Jöfnunarsjóði heimilt, á grundvelli upplýsinga í umsókn sveitarfélagsins, að bregðast við verulegri fækkun nemenda einstakra tónlistarskóla á yfirstandandi skólaári þannig að skerðing á framlagi komi ekki að fullu til framkvæmda á næsta skólaári.

4. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Þegar upplýsingar liggja fyrir úr umsóknum sveitarfélaga um kennslumagn á yfirstandandi skólaári, sbr. 3. gr., birtir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upplýsingar um skiptingu framlaga (kennslumagns) milli sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng, skv. 2. mgr. 1. gr. að teknu tilliti til þess fjármagns sem er til úthlutunar hverju sinni, sbr. 2. gr. Við útreikning á kennslumagni eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara.

Upplýsingar um framlög fyrir komandi skólaár skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Um mánaðarlegar greiðslur framlaga verður að ræða yfir skólaárið, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Greiðsla skal berast til sveitarfélags eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar.

5. gr.

Breyttar forsendur og veruleg frávik

Sveitarfélagi ber að gæta þess að framlag til einstakra tónlistarskóla nemi ekki hærri fjárhæð en heimilt er samkvæmt þessum reglum. Sveitarfélagi er þó heimilt að veita tónlistarskóla tímabundna afkomuþryggingu til að bregðast við breyttum aðstæðum, sbr. 3. mgr. 3. gr. þessara reglna.

Sveitarfélagi ber að tilkynna Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ef forsendur fyrir úthlutun framlaga breytast, svo sem ef tónlistarskóli hættir starfsemi.

Komi í ljós verulegar breytingar á kennslumagni milli skólaára, við yfirferð upplýsinga frá sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 3. gr., er jöfnunarsjóði heimilt að leita skýringa hjá sveitarfélögum þar að lútandi.

Ef framlög til sveitarfélags hafa verið greidd á grundvelli rangra upplýsinga skal gerð leiðrétting áður en kemur til lokagreiðslu framlags fyrir viðkomandi skólaár, en ef því verður ekki við komið, getur sjóðurinn dregið mismuninn af öðrum framlögum sjóðsins.

6. gr.

Langtímaforföll.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja sérstaklega um aukaframlag til Jöfnunarsjóðs vegna langtímaforfalla kennara á miðstigi í söng og á framhaldsstigi eða ofar í söng og hljóðfæragreinum, sem standa lengur en einn mánuð enda liggja fyrir læknisvottorð. Heildarframlag verður þó aldrei hærra en sem nemur raunverulegum viðbótarlaunakostnaði skólans vegna langtímaforfalla á því tímabili sem um ræðir.

Umsókn frá sveitarfélagi um framlag samkvæmt þessari grein skal berast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 20. júní ár hvert vegna skólaársins sem er að líða. Jöfnunarsjóði ber að hafa lokið útreikningi og úthlutun framlaga, skv. þessari grein fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Framlög vegna nemenda á grunnstigi og nemenda á miðstigi í hljóðfæragreinum.

Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags sbr. 3. mgr. 1. gr. Skilyrði er að fyrir liggja staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla. Umsóknir samkvæmt þessari grein skulu berast til jöfnunarsjóðs eigi síðar en 1. september vegna komandi skólaárs.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

1. Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
2. Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
3. Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Falli tónlistarnám nemenda undir þessa grein ber tónlistarskóla að senda lögheimilissveitarfélagi skrá um þá nemendur, sbr. ákvæði í 3. mgr. 1. gr,

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vegnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. Framlögin geta lækkað ef eftirspurn er umfram það fjármagn sem er til ráðstöfunar skv. 2. mgr. Sveitarfélag sem sækir um framlag greiðir þann hluta kennslukostnaðar sem út af stendur. Tónlistarskólar skulu gæta þess

að samþykki lögheimilissveitarfélags liggja fyrir vegna nemenda sem uppfylla skilyrði skv. 1. og 2. mgr., áður en þeir eru innritaðir í tónlistarnám.

Um umsóknir, greiðslu framlaga og leiðréttingu áætlaðra framlaga fer skv. 3.- 5. gr. eftir því sem við á. Jöfnunarsjóður skal senda lögheimilissveitarfélögum tilkynningu um áætluð framlög fyrir næsta skólaár samkvæmt þessari grein fyrir 1. október ár hvert.

8. gr.

Gildistaka.


Reglur þessar eru settar á grundvelli samkomulags ríkisins og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda og laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma í stað reglugerðar nr. 23/2013, sem felld verður úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. gildir eftirfarandi um framlög fyrir skólaárið 2016-2017:

- a. Við skiptingu kennslumagns og úthlutun framlaga samkvæmt 4. gr. þessara reglna liggja til grundvallar upplýsingar frá tónlistarskólum um nemendur og kennslumagn skólaárið 2015–2016, yfirfarnar af viðkomandi sveitarfélagi, á eyðublaði sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur í té. Skoðast þessar upplýsingar sem ígildi umsókna sveitarfélaga um framlag og skulu þær liggja til grundvallar við skiptingu kennslumagns fyrir næsta skólaár. Við endanlega skiptingu kennslumagns er horft til þess hvort samdráttur hafi orðið í kennslumagni tónlistarskóla frá vori 2014 til vors 2016 og bætt við kennslumagni sem nemur 70 hundraðshlutum af neikvæðum mismun undanfarinna tveggja ára.
- b. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um framlög á skólaárinu 2016 - 2017 skulu sendar til sveitarfélaga eigi síðar en 1. september 2016.

Innanríkisráðuneytinu, 31. ágúst 2016.

Ragnheiður Hjartardóttir


Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli 2. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda

Tónlistarskólar sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins og veita nemendum kennslu sem fellur undir samkomulagið fylla út sérstakt skjal í töflureikni sem nálgast má á vefsíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í skjalinu er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum

- Upplýsingum um nemendur sem falla undir samkomulagið.
- Upplýsingum um fjölda nemenda og kennslustunda sem falla ekki undir samkomulagið. Upplýsinganna er aflað vegna aðferðafræði við útreikning framlaga.
- Upplýsingum um allar aðrar kennslustundir, svo sem í tónfræði og samspili/samsöng.

Skjalið er síðan sent til kennslusveitarfélags eigi síðar en 1. mars. Kennslusveitarfélagið sendir síðan skjöl fyrir alla viðurkenna tónlistarskóla í sveitarfélaginu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 15. mars. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í innsendum skjölum kennslusveitarfélags er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (sjá skilgreiningu hér á eftir) fyrir hvert sveitarfélag á grundvelli samkomulagsins. Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs. Sveitarfélögum er einnig tilkynnt, samhliða tilkynningu um framlag, hvaða lágmarksfjölda kennslustunda tónlistarskólum sveitarfélagsins ber að kenna. Fjöldi stunda er reiknaður út miðað við uppgefinn kostnað á kennslustund.

Útreikningsreglur

Við útreikning á heildarfjölda kennslueininga tónlistarskóla eru raunverulegar kennslumínútur (stundir) umreiknaðar yfir í einingar út frá stuðlum í kjarasamningi tónlistarkennara. Þessar umreiknuðu einingar eru grundvöllur að stöðuhlutfalli tónlistarkennara og endurspegla því hvernig kennslukostnaður er fundinn.

Aðferð við útreikninginn er sú að heildarkennslustundum og stundum í meðleik er breytt yfir í kennslustundir á grunnstigi. Þessar umreiknuðu kennslustundir kallast kennslueiningar. Þetta er gert með stuðlum reiknuðum skv. töflu 1 er sýnir mismunandi kennslueiningar eftir námsstigum fyrir hverja kennda klukkustund. Sem dæmi jafngildir ein kennslustund á miðstigi 1,0926 kennslueiningum og ein kennslustund í meðleik á miðstigi jafngildir 1,2371 kennslueiningum.

Tafla 1 - Kennslueiningar fyrir hverju kennslustund/meðleik á hverju námsstigi

	Kennsla ¹⁾	Meðleikur
Fornám/Grunnstig	1,0000	1,0926
Miðstig	1,0926	1,2371
Framhaldsstig	1,2371	1,4229
Nám að loknu framhaldsst.	1,2371	1,4229

1) Einkakennsla, samkennsla, samspil, samsöngur og önnur kennsla.

Þannig er fundinn út heildarfjöldi kennslueininga (umreiknað kennslumagn) á ári, fyrir hvert sveitarfélag, sem fellur undir samkomulagið.

Námsstigin sem falla undir samkomulagið eru:

- Hljóðfæranám á framhaldsstigi
- Söngnám á miðstigi
- Söngnám á framhaldsstigi

Við kennslueiningar í aðalnámsgreinum (hljóðfæranám/söngnám) er síðan bætt hlutdeild þessara námsstiga í aukanámsgreinum í sömu hlutföllum.

Summa kennslueininga vegna þessara námsstiga hvers skóla er auðkennd “ T_{Samk} .” Summa allra skóla sama sveitarfélags er auðkennd “ S_{Samk} .” Summa allra sveitarfélaga sem falla undir samkomulagið er auðkennt “ H_{Samk} .”

$$S_{\text{Samk}} = \sum T_{\text{Samk}}(i); i = \text{númer skóla innan sveitarfélags}$$

$$H_{\text{Samk}} = \sum S_{\text{Samk}}(j); j = \text{númer sveitarfélags}$$

$$F_{\text{Samk}} = \text{Fjármagn til ráðstöfunar vegna samkomulagsins}$$

$$F_{\text{Svfe}} = \text{Fjármagn til sveitarfélags}$$

Hvert sveitarfélag fær síðan fjárframlag hlutfallslega miðað við heildarfjölda kennslueininga allra sveitarfélaga vegna þess náms sem fellur undir samkomulagið skv. eftirfarandi:

$$F_{\text{Svfe}} = S_{\text{Samk}}/H_{\text{Samk}} \times F_{\text{Samk}}$$

0000	Reykjavíkurborg	54,5%	28.030	275.118.048	18.974
1000	Kópavogsbær	8,5%	4.374	42.930.082	2.961
1100	Seltjarnarneskaupstaður	1,0%	522	5.126.047	354
1300	Garðabær	3,0%	1.526	14.979.932	1.033
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	4,4%	2.264	22.216.634	1.532
1604	Mosfellsbær	3,0%	1.560	15.316.405	1.056
1606	Kjósarhreppur		0	0	-
2000	Reykjanesbær	3,3%	1.680	16.492.581	1.137
2300	Grindavíkkaupstaður	0,4%	224	2.199.314	152
2503	Sandgerðisbær		0	0	-
2504	Sveitarfélagið Garður	0,7%	356	3.495.068	241
2506	Sveitarfélagið Vogar		0	0	-
3000	Akraneskaupstaður	4,5%	2.322	22.793.273	1.572
3506	Skorradalshreppur		0	0	-
3511	Hvalfjarðarsveit		0	0	-
3609	Borgarbyggð	0,8%	389	3.813.588	263
3709	Grundarfjarðarbær		0	0	-
3710	Helgafellssveit		0	0	-
3711	Stykkishólmsbær	0,5%	242	2.377.194	164
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur		0	0	-
3714	Snæfellsbær		0	0	-
3811	Dalabyggð		0	0	-
4100	Bolungarvíkurkaupstaður		0	0	-
4200	Ísafjarðarbær	3,3%	1.697	16.652.813	1.148
4502	Reykhólahreppur		0	0	-
4604	Tálknafjarðarhreppur		0	0	-
4607	Vesturbyggð		0	0	-
4803	Súðavíkurhreppur		0	0	-
4901	Árneshreppur		0	0	-
4902	Kaldrananeshreppur		0	0	-
4911	Strandabyggð		0	0	-
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	0,4%	191	1.873.079	129
5508	Húnaþing vestra		0	0	-
5604	Blönduósbær		0	0	-
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd		0	0	-
5611	Skagabyggð		0	0	-
5612	Húnavatnshreppur		0	0	-
5706	Akrahreppur		0	0	-
6000	Akureyrarkaupstaður	7,3%	3.739	36.701.482	2.531
6100	Norðurþing		0	0	-
6250	Fjallabyggð		0	0	-
6400	Dalvíkurbyggð		0	0	-
6513	Eyjafjarðarsveit	1,2%	597	5.860.121	404
6515	Hörgársveit		0	0	-
6601	Svalbarðsstrandarhr.		0	0	-
6602	Grýtubakkahreppur		0	0	-
6607	Skútustaðahreppur		0	0	-
6611	Tjörneshreppur		0	0	-
6612	Þingeyjarsveit		0	0	-

6706	Svalbarðshreppur		0	0	-
6709	Langesbyggð		0	0	-
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður		0	0	-
7300	Fjarðabyggð		0	0	-
7502	Vopnafjarðarhreppur		0	0	-
7505	Fljótsdalshreppur		0	0	-
7509	Borgarfjarðarhreppur		0	0	-
7613	Breiðdalshreppur		0	0	-
7617	Djúpavogshreppur		0	0	-
7620	Fljótsdalshérað		0	0	-
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður		0	0	-
8000	Vestmannaeyjabær		0	0	-
8200	Sveitarfélagið Árborg	3,4%	1.738	17.054.340	1.176
8508	Mýrdalshreppur		0	0	-
8509	Skaftárhreppur		0	0	-
8610	Ásahreppur		0	0	-
8613	Rangárþing eystra		0	0	-
8614	Rangárþing ytra		0	0	-
8710	Hrunamannahreppur		0	0	-
8716	Hveragerðisbær		0	0	-
8717	Sveitarfélagið Ölfus		0	0	-
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur		0	0	-
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur		0	0	-
8721	Bláskógabyggð		0	0	-
8722	Flóahreppur	0	0	0	-
		100,0%	51.451	505.000.000	34.828

*Lágmarksfjöldi kennslustunda miðast við 14.500 krónur á kennslustund. Sveitarfélög skulu sjá til að tónlistarskólar kenni að lágmarki þær stundir sem Jöfnunarsjóður úthlutar hér að ofan.

Samkvæmt reglum þurfa sveitarfélög að sjá til þess að fjármagnið sé að fullu nýtt vegna



Reykjavíkurborg
Skóla- og fristundasvið

Reykjavík, 16. september 2016
SFS2016090154

Alþingi
velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
Alþingishús
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Lagt fyrir á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Vísað er til tilkynningar á heimasíðu Alþingis þar sem fram kemur að öllum sé frjálst að senda inn skriflega umsögn um tillögu að þingsályktun um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017 – 2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur. Fram kemur að frestur sé til 7. september 2016 til að leggja fram umsögn. Þar sem Reykjavíkurborg fékk ekki formlega beiðni um umsögn er umsögnin seint fram komin. Tekið er fram að mikilvægt er að sveitarfélögin fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í þessu veigamikla máli.

Um leið og það er fagnaðarefni að lögð skuli fram fjölskyldustefna sem hefur það að markmiði að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að fullu, er langt í land með að stefnan sé nægilega afdráttarlaus og nái til þess veruleika sem einkennir líf barna og foreldra á Íslandi árið 2016.

Þrátt fyrir að á Íslandi hafi alltaf tíðkast ákveðinn fjölbreytileiki í fjölskyldugerðum hefur samfélagið hér á landi líklega aldrei verið eins fjölbreytt og fjölmenningslegt og nú er. Slík breyting á samfélagsgerðinni er vafalítið komin til að vera og mun sjálfsagt halda áfram að þróast enn meir á þeim árum sem fjölskyldustefnunni er ætlað að koma til framkvæmda. Þá er Ísland ekki einangrað í samfélagi heimsins og hafa þær áskoranir sem ríki heimsins glíma við vegna stríðsátaka og fólksflutninga bein áhrif á þróun samfélagsins hérlandis. Þeir atburðir sem hafa orðið á síðustu mánuðum og árum í París, Noregi, Kaupmannahöfn og víðar spretta upp úr félagslegum veruleika fólks sem hefur upplifað jaðarsetningu og þá tilfinningu að tilheyra ekki því samfélagi sem það býr í. Á Íslandi höfum við ennþá tækifæri til þess að byggja upp samfélag sem leggur áherslu á markmið um að vernda börn og fjölskyldur úr viðkvæmstu samfélagshópunum. Það verður hinsvegar ekki gert með því að leggja fram fjölskyldustefnu sem tekur ekki til þeirra hópa í samfélaginu sem líklegastir eru til að upplifa jaðarsetningu, efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan skort. Þá nægir ekki að tryggja aðgengi allra barna að þjónustu og jöfnum tækifærum ef ekki eru settar fram markvissar tillögur um það með hvaða hætti eigi að tryggja að þeir aðilar sem sinna börnum og fjölskyldum hafi þau viðhorf, þekkingu, hæfni og fjármagn sem til þarf.

Í kafla um almennar forsendur fjölskyldustefnunnar segir að við mótun hennar hafi verið tekið „mið af annarri stefnumótun á málavíðinu en forðast að endurtaka það sem þar kemur fram“. Þá segir jafnframt að lögð sé áhersla á jafnræði og að öll börn njóti sama réttar „og sé ekki mismunað á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis,

þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna barns, foreldra eða forsjáraðila“. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vill benda á að verði fjölskyldustefnan samþykkt verður hún eitt af lykilskjölunum í opinberri stjórnsýslu þar sem fjallað er um lífsafkomu barna, aðgengi að þjónustu og rétt þeirra til þátttöku. Eins og stefnan er sett fram má segja að ákveðin blinda sé gagnvart fjölbreytileika fjölskyldna t.d. varðandi þætti einsog kynjavídd og uppruna (e. gender blindness, color blindness). Skóla- og frístundasvið leggur því til að fjallað verði um fjölbreytileika fjölskyldna með afgerandi hætti í einstökum liðum stefnunnar þegar það á við og verði sérstaklega hugað að þáttum eins og kynhneigð, kynjajafnrétti, fjölbreyttum tungumálum á heimili, menningu og menntun. Ef ekki er tekið tillit til fjölbreytileika fjölskyldna með meira afgerandi hætti í stefnunni er næsta víst að hún verður of almenns eðlis og mun ekki þjóna því hlutverki að gæta sérstaklega hagsmuna þeirra fjölskyldna sem mest þurfa á því að halda.

Þá tekur skóla- og frístundasvið undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. september 2016, um að nauðsynlegt sé að stefnan feli í sér raunhæf skref sem hafi það að markmiði að bæta stöðu þeirra barna og fjölskyldna sem eru í mestri hættu á að verða undir í samfélaginu. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að setja fram kostnaðargreiningar og tillögur að fjármögnun. Tekið er undir mikilvægi þess að sveitarfélögin fái tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um stefnmótandi áætlanir Alþingis í málefnum barna og barnafjölskyldna.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eru settar fram eftirfarandi ábendingar við einstaka liði tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017-2021 með áherslu á börn og barnafjölskyldur:

A. Afkoma og húsnæði.

Skóla- og frístundasvið (SFS) fagnar því að byggður verði upp leigumarkaður til að barnafjölskyldur geti búið í öruggu húsnæði (A.4.). Eins og allir vita hefur leigumarkaður á Íslandi verið mjög ótryggur um árábil og þeir sem búa í leiguhúsnæði á frjálsum markaði haft takmarkaða tryggingu fyrir því að fá að ráða sjálfir hversu lengi þeir búa á sama stað eða flytja sig um set. Að hafa öruggt þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum mannsins og mikilvægt fyrir barnafjölskyldur að geta sjálfar ákveðið hvenær þær velja að skipta um húsnæði. Til að skapa börnum öruggt umhverfi er mikilvægt að þau og foreldrar þeirra geti sjálf ákveðið hvenær þau skipta um húsnæði en þurfi ekki að lúta lögmálum frjálsa markaðarins um búsetuskipti og flutning á milli hverfa eða sveitarfélaga sem oftast kallar einnig á að börn þurfi að skipta um skóla þar sem skipting í skólahverfi í stærri sveitarfélögum fer eftir búsetu.

SFS leggur til að sveitarfélögum verði tryggt fjármagn til að framfylgja ákvæðum laga og reglugerða um að grunnskólinn verði gjaldfrjálss og nemendum og fjölskyldum þeirra að kostnaðarlausu og að hætt verði að gera ráð fyrir því að foreldrar leggi börnum sínum til ritföng og ýmis námsgögn.

Hins vegar er á það bent að í þessum lið er eingöngu hugað að efnahagslegri afkomu barna og fátækt vegna skorts á efnislegum gæðum. Hér vantar að skilgreina betur í hverju fátækt barna felst en skv. Skilgreiningu Evrópusambandsins á fátækt eru fátækir: „*Þeir einstaklingar og hópar sem hafa svo takmörkuð lífsgæði (efnahagsleg, menningarleg og félagsleg) að það hindrar þá til lágmarkspáttöku í því samfélagi sem þeir lifa í*“ (Auður býr í barni hverju.

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk skóla um stuðning við börn úr efnaminni fjölskyldum(2011). Menntasvið Reykjavíkurborgar og Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. Sótt af: http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/audurbyribarnihverju_0.pdf).

Efla þarf með markvissum hætti menningarlega og félagslega þátttöku barna og fjölskyldna en skortur á þeim lífsgæðum ýtir ekki síður undir jaðarsetningu barna og fjölskyldna en efnahagslegi þátturinn eins og komið hefur í ljós í tengslum við vangaveltur um það hverjir gangi til liðs við öfga- eða jaðarhópa í samfélaginu. Þarna þarf að taka sérstakt tillit til gagnkvæmrar aðlögunar einstaklinga að samfélaginu frá upphafi til enda.

A. 2. Framhaldsskólanemar frá tekjulágum heimilum.

Sá hópur framhaldsskólanemenda sem líklegastur er til að hverfa burtu úr námi eru nemendur með annað móðurmál en íslensku. Ekki nægir að fjalla um efnahagslegu hlið brottfalls því hér þarf líka að tryggja menningarleg og félagsleg lífsgæði og efla stuðning við þá nemendur sem ekki hafa náð tókum á íslensku sem öðru máli sem nægir þeim til bóknáms í framhaldsskóla.

Lagt er til að mælanlegt markmið verði: Hækka hlutfall framhaldsskólanema með annað móðurmál en íslensku sem lýkur námi og lækka hlutfall framhaldsskólanema frá tekjulágum heimilum sem hverfa frá námi.

B. Fjölskyldulöggjöf og skráning upplýsinga.

B.3. Skráning upplýsinga.

Lagt er til að bætt verði við í lýsingu möguleika foreldra til að skrá mismunandi sambúðarform, fjölskyldugerðir og tungumál. Skráningar á börnum innflytjenda verði samræmdar en eins og staðan er í dag valda mismunandi skráningar á innflytjendabörnum, og skortur á samræmi og utanumhaldi á gögnum um fjölda barna af erlendum uppruna, því að erfitt er að móta stefnu eða skoða raunþörf á menntun og þjónustu við þessi börn s.s. eins og móðurmálskenndu eða þátttöku í frístundastarfi.

C. Fjölskyldur, fræðsla og forvarnir.

C.1. Fræðsla um foreldrahlutverk.

Hér þarf sérstaklega að taka inn menningarbakgrunn, færni í íslensku, skilning og þekkingu á íslensku samfélagi og tungumáli, uppeldi og menntun og fræðslu til foreldra sem einkennist af menningarnæmi og millimenningarfærni.

Auk fræðslu fyrir foreldra um áfengis- og vímuefnamál, kynheilbrigði og ofbeldi þ.á.m. einelti og vanrækslu, eigi foreldrar kost á fræðslu um hlutverk sitt við að styðja við málþroska og læsi barna sinna og leiðbeiningar um hvernig þeir geti stutt við þessar mikilvægu forsendur náms og samskipta. Sérstaklega verði hugað að fjöltyngdum fjölskyldum. Einnig verði sérstaklega skilgreind þörf mjög ungra foreldra fyrir fræðslu, ráðgjöf og stuðning. Mikilvægt er að slík fræðsla sé foreldrum að kostnaðarlausu þannig að efnahagsleg staða foreldra ráði því ekki hverjir sæki slíka fræðslu.

C.2. Fræðsla fyrir fólk sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna

SFS fagnar því að gerðar verði áætlanir um fræðslu fagfólks sem starfar með börnum um áhættuþætti í lífi barna. Mikilvægt er að þeir sem starfa með börnum og ungmennum séu vel upplýstir um hvaða þættir það eru sem valda áhættu í lífi barna og hvernig er hægt að vinna gegn þeim. SFS tekur undir mikilvægi þess að þeir sem starfa með börnum fái fræðslu um tilkynningarskyldu sína og hvernig beri að standa að henni. SFS tekur undir ábendingu KÍ um að ofangreind fræðsla sé ekki eingöngu fyrir ófaglærða starfsmenn í skóla- og frístundastarfi, heldur sé einnig hluti af menntun kennara og félags- og tómstundafræðinga hér á landi.

Skortur á félagslegum og menningarlegum lífsgæðum er stór áhættuþættur í lífi barna. Tryggja þarf að fagstéttir sem vinna með börnum úr fjölbreyttum fjölskyldum öðlist þekkingu til þess að greina þessa þætti og færni til þess að bregðast við með viðeigandi hætti. Sérstaklega þarf að huga að þörfum þeirra fjölskyldna sem ekki eiga bakland eða stuðning vísan innan nærsamfélagsins. Lagt er til að bætt verði við sem samstarfsaðila fulltrúa þeirra sem annast frístundaþjónustu á vegum sveitarfélaga.

C.3. Fræðsla fyrir börn um ofbeldi, vanrækslu og einelti

SFS tekur undir mikilvægi þess að börn séu frædd um afleiðingar eineltis, fordóma og annars ofbeldis og að þau viti hvernig þau eigi að bregðast við verði þau fyrir slíku og hvert þau geti leitað. Stjórnendur í skóla- og frístundastarfi fái góðar leiðbeiningar um hvernig beri að standa að gerð slíkrar fræðslu.

SFS tekur undir mikilvægi þess að börn fái vandaða fræðslu um forvarnarmál í víðu samhengi sem byggir á nýjustu rannsóknum um hvað skili bestum árangri á því sviði og að þeim séu skapaðar aðstæður þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð í samfélagi þar sem einelti og fordómar líðast ekki og við því er brugðist í samræmi við fyrirfram gerðar áætlanir sem allir þekkja.

SFS tekur undir ábendingar KÍ um að skýra þurfi hverjir eigi að standa fyrir fræðslu um ofangreind mál, hverjir eigi að tryggja að fræðslan sé í boði og hvernig.

Í þessum þætti er nauðsynlegt að taka tillit til menningarmunar og hvernig eigi sérstaklega að huga að þeim börnum og fjölskyldum sem verða fyrir fordómum og eða einelti vegna uppruna, litarháttar eða tungumáls en rannsóknir héraðs hafa sýnt fram á að innflytjendur upplifa oft slíka fordóma en Íslendingar (Guðrún Pétursdóttir (2013). *Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunur í garð innflytjenda á Íslandi*. Sótt af: http://www.ici.is/assets/Birtingarmyndir_dulinna_fordoma_og_mismunur_innflytjenda.pdf).

Þá hafa niðurstöður kannana Rannsóknar og greiningar undanfarin ár á líðan ungmenna sýnt að staða ungmenna af erlendum uppruna er almennt verri hvað varðar líðan, vinatengsl, einelti og áhættu hegðun.

C.4, C5 og C6: Lagt er til að bætt verði sem dæmi um samráðsaðila fulltrúa aðila sem annast frístundaþjónustu á vegum sveitarfélaga.

C.4. Aðgerðaáætlanir gegn einelti og fagráð eineltismála

Hér er beint sjónum að leikskólanum og leikskólabörnum. Bent er á að á þessu aldurstigi er heppilegra að tala t.d. um forvarnaráætlun gegn einelti þar sem áhersla væri á markvissa vinnu með jákvæð samskipti til að koma í veg fyrir mögulegt einelti síðar. Aðaláherslan væri þá að vinna gegn einelti í leikskólanum.

C.7. Fræðsla um kynheilbrigði og klám

Hér vantar inn fræðslu um kynhneigð, kynvitund og kynjajafnrétti.

D. Frístundastarf barna

D.1. Þátttaka barna í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma.

Skóla- og frístundasvið fagnar því að tryggt verði að öll börn eigi kost á að taka þátt í skipulögðu frístundastarfi. Gera þarf sveitarfélögum kleift að standa undir þeim kostnaði sem fylgir því að hækka hlutfall barna í fjölskyldum í lægstu tekjubilunum sem tekur þátt í skipulögðu frístundastarfi utan skólatíma og í skólaleyfum (D.1.).

Skóla- og frístundasvið tekur undir að mikilvægt sé að tryggja að efnahagur foreldra hamli ekki frístundaþátttöku barna. Hinsvegar vantar að taka tillit til þess að skipulagt frístundastarf af því tagi sem tíðkast í norrænum samfélögum er ekki vel þekkt um allan heim. Mikilvægt er að upplýsa foreldra af erlendum uppruna um frístundastarf, kosti þess og mikilvægi fyrir félagslega aðlögun og virka þátttöku barna. Rannsóknir hafa sýnt að það er ekki eingöngu fjárhagsstaða foreldra sem veldur því að börn taka ekki þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

D.2. Frístundastarf barna í skólaleyfum.

Lagt er til að skýrt komi fram hvað við er átt við með grunnskólabörnum á fyrsta stigi grunnskóla. Skoða þarf mikilvægi þess að boðið sé upp á skipulagt frístundastarf í skólaleyfum fyrir 1. til 10. bekk. Jafnframt er bent á mikilvægi þess að börn eigi kost á sumarleyfi með foreldrum sínum ef þess er nokkur kostur.

Lagt er til að bætt verði við sem samstarfsaðila fulltrúa þeirra sem annast frístundaþjónustu á vegum sveitarfélaga.

D.3. Aðkoma og samráð við foreldra í skólastarfi.

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að auka þátttöku, aðkomu og samstarf við foreldra í skólastarfi enda eru foreldrar mikilvægustu samstarfsaðilar skólanna um nám og skólagöngu barna. Skóla- og frístundasvið mun eftir sem áður hvetja grunnskóla borgarinnar til að gera sérstaka samstarfsáætlun um foreldrasamstarf eins og gert hefur verið undanfarin ár (liður D.3.).

E. Umönnun og samræming fjölskyldulífs

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að unnið verði að því að samræma vetrarleyfi og starfsdaga milli skólastiga og innan sveitarfélaga (liður E.4.). SFS bendir á að

mikilvægt sé að leita leiða til að atvinnulífið taki tillit til skólaleyfa svo tryggja megi samveru fjölskyldunnar. Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur samræmt vetrarleyfisdag í grunnskólum borgarinnar til að auðvelda foreldrum að nýta þessa daga til jákvæðra samvista við börn sín og einnig lagt til að leik- og grunnskólar í sama hverfi samræmi a.m.k. þrjá starfsdaga á ári til að auka möguleika á faglegu samstarfi leik- og grunnskóla en einnig til að auðvelda foreldrum að skipuleggja samveru með börnum sínum þessa daga.

Hugað verði sérstaklega að foreldrum í láglauastörfum, innflytjendum með litla menntun og með langan vinnudag.

F. Velferð barna

Skóla- og frístundasvið tekur undir tillögur um að tryggja velferð barna og auka samhæfingu og samþættingu í grunnþjónustu við börn og barnafjölskyldur. Skóla- og frístundasvið styður hugmyndir um að gerð verði áætlun um fyrirkomulag samþættingar og samstarfs í grunnþjónustu til að samhæfa þjónustu við börn og ungmenni, þ.m.t. skóla- og velferðarþjónustu til að tryggja að hagsmunir barna séu ætíð hafðir að leiðarljósi og að jafnræði ríki í þeirri þjónustu sem börnum og barnafjölskyldum standi til boða óháð búsetu. Skóla- og frístundasvið tekur undir tillögur í lið F.3. um bætt aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu en bendir jafnframt á að tryggja þurfi sveitarfélögum fjármagn til að auka framboð á þessum sviðum þar sem slíkt á við.

Til þess að tryggja grunnþjónustu og velferð barna sem búa við efnahagslega, félagslega og menningarlega fátækt verður að ganga lengra í að skapa úrræði og lausnir en gert er í stefnunni. Tryggja þarf að sveitarfélög hafi aðgang að fjármagni til að þróa markvissar leiðir í almennt og sértækri þjónustu við fjölskyldur sem búa við skert lífskjör. Skóla- og frístundasvið vill benda á þá þróun sem hefur orðið víða erlendis sérstaklega í samfélögum þar sem íbúasamsetning er flókin og lífsgæði íbúa slök með tilliti til fyrrgreindra þátta. Víða hafa verið settar á laggirnar félagsmiðstöðvar (e. community centers) eða fjölskyldumiðstöðvar (e. family centers) þar sem fjölskyldum gefst kostur á að koma með börn sín og taka þátt í samfélagi annarra foreldra auk þess sem boðið er upp á fræðslu, námskeið í foreldrafærni, málörvunarnámskeið fyrir börn og foreldra, heilsugæslu, tungumálakennslu, opinn leikskóla og margt fleira. Hægt er að líta til Norðurlandanna, Bretlands, Bandaríkjanna, Ástralíu, Þýskalands, Kanada og fleiri landa eftir dæmum um slíka starfsemi en markmiðið með þeim öllum er að draga úr jaðarsetningu fjölskyldna, efla tengsl á milli aðila í nærsamfélaginu og efla foreldrafærni.

F.3. Aðgengi að fjölskylduráðgjöf og sérfræðiþjónustu og F7 Meðgöngu og ungbarnavernd.

Huga þarf sérstaklega að tengslamyndun barna og foreldra og tryggja aðgengi foreldra að markvissri ráðgjöf og fræðslu á meðgöngu og í frumbersku barna um mikilvægi jákvæðra tengsla. Sérstaklega þarf að huga að þeim fjölskyldum sem búa við menningarlega eða félagslega fátækt, vímuefnavanda og geðræn vandamál en einnig fatlaða og seinfæra foreldra.

F.4. Samræmt mat á þjónustupörf barna með sértækar þarfir.

Hér er fjallað um mat á þjónustupörf barna með sértækar þarfir. Bæta þarf við umfjöllun um

að þegar stuðningsþörf barns sé metin þá fari samhliða fram mat á þeim aðstæðum sem barni eru búnar í skóla, frístundastarfi og á heimili.


F.8. Ofbeldi á heimilum barna.

Lagt er til að sérstaklega verði hugað að menningarmun og lögð áhersla á að auka þekkingu fagfólks hjá barnaverndarnefndum og í félags, heilbrigðis- og menntakerfinu á menningarnæmi í samskiptum við fjölskyldur með ólíkan menningarbakgrunn. Fagfólk upplýsi foreldra um ábyrgð og skyldur í foreldrahlutverkinu og einnig um að ofbeldi og líkamlegar refsingar samræmist ekki íslenskum lögum. Um leið verði lögð áhersla á að leiðbeina foreldrum og styðja þá við að temja sér aðrar aðferðir í uppeldinu en líkamlegar refsingar og ofbeldi. Einstaklingar með þekkingu á menningu og tungumálum foreldra verði lykilaðilar í ráðgjöf og fræðslu til foreldra um ofbeldi og líkamlegar refsingar.

Um mat á kostnaðaráhrifum.

Tekið er undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga í umsögn, dags. 9. september 2016, um mat á kostnaðaráhrifum og mikilvægi þess að slíkt mat fari fram og að fjármunir verði tryggðir.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson, sviðsstjóri
skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

From: Berglind Eva Ólafsdóttir [<mailto:berglind.eva.olafsdottir@samband.is>]
Sent: 19. september 2016 12:01
Subject: Breytt starfsmat hjá slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum

Sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðstjóra og launafulltrúa.

Ágæti viðtakandi,

Samþykkt var á fundi Framkvæmdanefndar starfsmats að starfsmat slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna breytist með eftirfarandi hætti:

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður (EMT-B) eldra starfsmat: 486 stig Nýtt mat: 496 stig nýr lfl. 143

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður (EMT-I) eldra starfsmat: 532 stig Nýtt mat: 542 stig nýr lfl. 150

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður (EMT-P) eldra starfsmat: 570 stig Nýtt mat: 596 stig nýr lfl. 158

Breyting á mati gildir frá 1. maí 2014.

F.h. Framkvæmdanefndar starfsmats
Kveðja,
Berglind



Berglind Eva Ólafsdóttir
sérfræðingur
Beint innval: 515 4914
Netfang: berglind@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is


Ágæti framkvæmdarstjóri/sveitarstjóri.

Hinn 4. maí sl., sendi undirrituð, fyrir hönd verkefnisstjórnar innanríkisráðuneytisins um jafnt búsetuform barna, erindi á öll sveitarfélög í tengslum við skýrslu starfshóps sem hefur það verkefni að leita leiða til að jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna. Í erindi innanríkisráðuneytisins, sbr. neðangreint kom fram að unnið hefur verið að því að vinna nákvæma greiningu á því hvaða breytingar þurfi að ganga í til þess að jafna stöðu foreldra, auk þess sem fimm tillögur lágu fyrir af hálfu verkefnisstjórnarinnar. Líkt og kom fram í áðursendu erindi ráðuneytisins sem sent var til sveitarfélaganna, hefur verkefnisstjórnin þegar fundað með fulltrúa sambandins en vildi þó kalla eftir athugasemdum frá sveitarfélögunum sem áttu að berast fyrir 1. júlí sl. til ráðuneytisins.

Ráðuneytið hefur nú óskað eftir því að orðsending þessi sé ítrekuð og er það gert hér með. Óþarfi er að senda inn athugasemdir ef engar eru.

Athugasemdir sendist til: Svanhildar Þorbjörnsdóttur lögfræðings í innanríkisráðuneytinu:
svanhildur.thorbjornsdottir@irr.is

Með kveðju,



Vigdís Häsler
lögfræðingur
Beint innval: 515 4935
Netfang: vigdis@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

Frá innanríkisráðuneytinu:

Hinn 13. janúar 2015 skipaði innanríkisráðherra starfshóp sem falið var að kanna með hvaða leiðum mætti jafna stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barna sinna og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar sem fylgir lögheimili barns. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu þann 1. september 2015 þar sem lagt var til að tekið yrði upp í barnalög ákvæði þar sem foreldrum, sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum, verði veitt heimild til að semja um skipta búsetu barns að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samningur foreldra um skipta búsetu barns mun hafa í för með sér tiltekin réttaráhrif svo sem varðandi ákvarðanatöku um málefni barns, greiðslu á opinberum stuðningi og stuðningi sveitarfélaga og skráningu í Þjóðskrá.

Verkefnisstjórn, þriggja ráðuneyta, hefur verið skipuð, til þess að vinna nákvæma greiningu á því hvaða laga- og reglugerðabreytingar er nauðsynlegt að gera svo hægt sé að lögfesta ákvæði í barnalög um skipta búsetu barns með eftirfarandi réttaráhrifum;

- *Í fyrsta lagi* að foreldrar taki í sameiningu allar ákvarðanir er varðar barnið, þ.á m. ákvarðanir er varða lögheimili innanlands, leikskóla, grunnskóla og daggæslu, heilbrigðisþjónustu og tómstundir, það sem er barni fyrir bestu skuli ætíð vera í fyrirrúmi
- *Í öðru lagi* að opinber stuðningur við foreldra skiptist jafnt á milli þeirra, s.s. barnabætur, mæðra og feðralaun og umönnunargreiðslur. Þá verði tekið tillit til þess að barn sé í skiptri búsetu varðandi rétt til námslána og vaxtabóta
- *Í þriðja lagi* að meðlag falli sjálfkrafa niður með þeim rökum að skipt búseta byggji á góðu samkomulagi og ríkum samstarfsvilja foreldra þar sem gengið er út frá því að foreldrar semji sín á milli um hvernig framfærslu barnsins skuli háttað
- *Í fjórða lagi* að stuðningur og þjónusta sveitarfélaga við foreldra vegna barns skiptist jafnt á milli þeirra nema þeir semji á annan hátt
- *Í fimmta lagi* að skipt búseta barns verði skráð í Þjóðskrá Íslands og hægt verði að miðla þeim upplýsingum, m.a. til sveitarfélaga

Við framangreinda vinnu hefur verkefnisstjórnin leitað til viðeigandi stofnana sem verkefnið snertir, annars vegar til þess að kalla eftir upplýsingum og ábendingum um verkefnið og framkvæmd þess og hins vegar til þess að miðla áfram upplýsingum um stöðu og markmið verkefnisins.

Verkefnisstjórnin átti gagnlegan fund með tengilið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þann 22. apríl sl. Ræddar voru mögulegar laga- og reglugerðarbreytingar ásamt því hvernig tölvukerfi sveitarfélaga væru í stakk búin til þess að taka á móti þeim breytingum sem í fyrirkomulaginu felst, s.s. varðandi veittan aðgang af kerfunum til beggja foreldra og skiptingu á stuðningi sveitarfélaga til beggja foreldra.

Um leið og verkefnisstjórnin upplýsir sveitarfélögin um framangreint er einnig óskað eftir öllum þeim ábendingum, sem sveitarfélögin telja að komi til með að hafa áhrif á verkefnið, þá einkum og sér í lagi hvort eitthvað standi því í vegi að skipt búseta komist til framkvæmda, að gerðum nauðsynlegum lagabreytingum. Þá er einnig óskað eftir ábendingum um það hvort verkefninu fylgi fyrirsjáanlegur kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin.

Óskað er eftir því að ábendingar sveitarfélaganna berist verkefnisstjórninni eins fljótt og auðið er en áætluð verklok eru 1. júlí nk.